

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík



Reykjavík, 19. nóvember 2014  
Tilvísun: UST20141100083/abb

### **Umsögn: Þingskjal 392 321. mál. Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda og lagningu raflína.**

Vísað er til erindis frá Atvinnuveganefnd Alþingis til Umhverfisstofnunar, dags. 12. nóvember sl., þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að leggja fram umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál. Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri við nefndina.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að sett sé fram slík stefna er varðar þau álitamál hvenær skuli leggja raflínur í jörð og hvenær skal reisa þær sem loftlínur. Einnig þarf að líta til þess að ekki eru öll landsvæði þess eðlis að slíkar framkvæmdir eigi við.

Í 1. tölul. og 5. tölul. 1. mgr. í gr. 1.3 í þingsályktunartillögunni (um meginflutningskerfi raforku) er vísað til 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, ef línuleið skyldi vera innan friðlands, sem verndað er sökum sérstaks landslags annars vegar og hins vegar af öðrum sökum en sérstaks landslags. Umhverfisstofnun telur rétt að vísa fremur til 50. gr. laga nr. 44/1999, sem telur upp flokka friðlýstra náttúruminja (þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, búsvæði, fólkvangar og náttúruvætti) sem tillagan nú virðist ekki ná til nema að hluta til með tilvísun til 53. gr. laganna. Þess má einnig geta að í VIII. kafla laga nr. 30/2013, um náttúruvernd, sem hafa ekki tekið gildi, er fjallað um fleiri flokka friðlýstra svæða en í lögum nr. 44/1999. Því er mikilvægt að í stefnu stjórnvalda sé vísað til allra flokka friðlýstra náttúruminja/svæða þegar þegar metið er hvort rétt sé að nota jarðstrengi í stað loftlína og vísa til viðmiða sem réttlæta að dýrari kostur sé valinn. Þetta sjónarmið er í samræmi við það sem fram kemur í athugasemdum með þingsályktunartillögunni um almenn viðmið og grundvallarreglur, en þar er mælt fyrir um svokallaða „Partial Undergrounding“ leið. Einnig er vert að benda á að hér geti því verið um svæði að ræða þar sem hvorki jarðstrengir né loftlínur þættu koma til greina. Umhverfisstofnun telur að könnun möguleika á mannvirkjagerð á náttúruverndarsvæðum ætti að fara fram eins snemma á undirbúningsferli framkvæmda og kostur er, fyrst og fremst með umhverfismati áætlana sem gerist mun fyrr en við mat á umhverfisáhrifum.

Í 2. mgr. í gr. 1.3 í þingsályktunartillögunni er tekið fram að ef kostnaður við að leggja jarðstreng er ekki meiri en 1,5 sinnum meiri en kostnaður við loftlínu skuli miða við að leggja jarðstreng. Miða skuli við núvirtan stofn- og rekstrarkostnað. Reglan um hámarks-kostnaðarmun gildir þó ekki í þéttbýli eða um friðland. Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við framangreinda reglu um hámarks-kostnaðarmun. Í fyrsta lagi er vísað til

framangreindar umfjöllunar um mun á friðlandi og öllum friðlýstum svæðum. Í öðru lagi er óheppilegt að miða einungis við stofn- og rekstrarkostnað við mat á raunkostnaði. Mikilvægt er að einnig verði tekinn með í reikninginn umhverfiskostnaður og mat á öðrum fórnarkostnaði við tiltekna framkvæmd. Annars er ekki verið að miða við raunverulegan kostnað sem hlýtur að vera markmiðið. Í þriðja lagi er óraunhæft að miða við tiltekinn hámarks-kostnaðarmun. Mjög óljós vísiregla er hér lögð til grundvallar þar sem örðugt getur verið að ákvarða hver er raunverulegur kostnaður sem miða á við þegar vísireglunni er beitt. Getur þar komið til ýmissa leiða fyrir framkvæmdaaðila til að ráða því í raun hvort hámarks-kostnaðarmun verði náð, einnig sem ekki er tekið mið af eins og fyrr segir fórnarkostnaði framkvæmda. Taka má sem raunhæft dæmi lagningu á loftlínu á jaðri friðlýstra svæða sem hefur gríðarleg sjónræn áhrif án þess að vera samt sem áður inni á hinu friðlýsta svæði. Því verður að hugsa slíkt mat í samhengi og forðast að miða við fyrirframgefið fastákveðið hámarkshlutfall reiknað einungis út frá stofn- og rekstrarkostnaði mannvirkis.

Í 3. tölul. 1. mgr. í gr. 1.5 í þingsályktunartillögunni (um önnur atriði) er notast við orðalagið:

*„Leitast skal við að halda línugötum í lágmarki og raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir koma til greina, m.a. með tilliti til kostnaðar og umhverfisáhrifa.“*


Umhverfisstofnun telur að hér sé orðalag í ósamræmi við stefnu og þá vigt sem stjórnvöld hafa sjálf gefið stöðu svæða sem teljast ósnortin. Að leitast við að raska ekki ósnortnu svæði með fyrirvara um tillit til kostnaðar er ófullnægjandi vernd fyrir stöðu þeirra svæða og víðerna sem sátt hefur verið um að vernda. Kveða verður fastar að orði með verndun svæðanna. Í stað þess að einungis sé leitast við að raska ekki slíkum svæðum verður að mati stofnunarinnar að kveða á um að forðast skuli að raska slíkum svæðum og miða matið við önnur umhverfisáhrif en ekki kostnað. Ljóst er að alltaf koma aðrar lausnir til greina en að raska ósnortnu víðerni, en matið verður að byggjast á öðrum umhverfisáhrifum en ekki kostnaði, að mati stofnunarinnar. Röskun ósnortinna víðerna er óafturkræf aðgerð.

Umhverfisstofnun áréttar að mikilvægt sé að horfa til verndar hálendis Íslands og að ekki verði gengið á þá auðlind sem öræfaauðnin, víðernin og fjölbreytt landslag er. Umhverfisstofnun minnir á að íslensk stjórnvöld hafa markað stefnu varðandi vernd víðerna og birtist hún í ritinu „Velferð til framtíðar“ en þar segir:

*„Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna...“*

Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að koma á framfæri áhyggjum af því að verið sé blanda saman viðmiðum umhverfisáhrifa og kostnaðar þegar um er að ræða verndun ósnortinna víðerna.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna

Virðingarfyllt  
  
Agnar Bragi Bragason  
Lögfræðingur

  
Abalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri